

«Heiti»
«Heiti_2»
«Heimilisfang»
«Staður»

Hella, 17.12.2018
HBH / 1802002

Efni: Gaddstaðir. Nýtt deiliskipulag. Blönduð íbúða- og frístundabyggð

Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt að ráðast í breytingar á landnotkun fyrir vesturhluta svæðisins við Hróarslæk, þar sem núverandi frístundasvæði verði breytt í íbúðasvæði. Á svæðinu eru 28 lóðir vestan vegar og tvær lóðir austan vegar sem fyrir liggur að muni gerast íbúðarhúsalóðir. Formlegt ferli deiliskipulagsins er hafið og hefur lýsing verið send til ummsagnaraðila og er hér send til eigenda fasteigna á svæðinu.

Hér meðfylgjandi er lýsing skipulagsáætlunarinnar. Hún er lögð fram áður en tillagan sjálf er auglýst og er ætlað að hvetja til samráðs meðal eigenda lóða á svæðinu og upplýsa hvern og einn hvað til stendur að gera. Það skal þó tekið fram að allir hafa möguleika, við auglýsingu tillögunnar, að bera fram athugasemdir ef einhverjar eru.

Kallað er eftir ábendingum eða athugasemdum frá eigendum lóða og mannvirkja á svæðinu og einkum bent á að skoðað verði með vegakerfi, aðgengi að lóðum og innan lóða, byggingarmagni, yfirbragði byggðar, fjarlægð milli bygginga o.þ.h.

Æskilegt er að athugasemdum eða ábendingum sé skilað til skipulagsfulltrúa í tölvupósti, birgir@ry.is eða með bréfi stílað á Rangárþing ytra, Suðurlandsveg 1-3, 850 Hella og er frestur til þess fram til 5. janúar 2019. Ef engar athugasemdir berast verður tillagan auglýst á landsvísu og er að sjálfsögðu einnig hægt að senda inn athugasemdir á þeim tímapunkti.

Allar nánari upplýsingar veitir skipulagsfulltrúi.

Samrit sent á alla eigendur frístundalóða við Hróarslæk.

Virðingarfyllst,

Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi